

## GJALDSKRÁ

### vegna sorphirðu og förgunar úrgangs í Langanesbyggð.

## 1. gr.

*Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000. Hún er í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð.

## 2. gr.

*Sorphreinsunargjald.*

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Langanesbyggð samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni:

Íbúðarhúsnæði	kr. 13.541
Lögbýli	kr. 13.541

## 3. gr.

*Sorpeyðingargjald.*

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Langanesbyggð. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs, annað en garðaúrgangur, timbur og spilliefni, sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsyslukostnaði vegna þess:

Íbúðarhúsnæði	kr. 13.541
Lögbýli	kr. 13.541

*Sorpeyðingargjald fyrirtækja:*

Flokkur	Lýsing	0,25 m <sup>3</sup>	0,5 m <sup>3</sup>	0,75 m <sup>3</sup>	1 m <sup>3</sup>
		kr.	kr.	kr.	kr.
101	Blandaður úrgangur til urðunar	500	1.000	1.500	2.000
203	Lífrænn heimilisúrgangur til jarðgerðar	0	0	0	0
204	Lífrænn rekstrarúrgangur (fiskislóg)	250	500	750	1.000
301	Óflokkað timbur t.d. málað	500	1.000	1.500	2.000
302	Flokkað timbur, hreint ómálað	200	400	600	800
600	Málmar og brotamálmar	0	0	0	0
601	Góðmálmar (sérsamkomulag)				
398	Bylgjupappi – minna en 1 m <sup>3</sup>	0	0	0	0
398	Bylgjupappi- meira en 2 m <sup>3</sup> (sérsamkomulag)				
603	Múrbrot/gler/flísar/postulín	500	1.000	1.500	2.000
501	Óflokkaður úrgangur sem inniheldur endurvinnanlegan úrgang	1.000	2.000	3.000	4.000

4. gr.

*Gjaldtaka þjónustuverktaka.*

Gjaldtaka þjónustuverktaka fyrir frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð skal aldrei vera hærra en verksamningur tilgreinir.

5. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar þann 9. desember 2010 og staðfest af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra þann 16. desember 2010. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá um sorp-hreinsunar- og sorpeyðingargjöld frá árinu 2010.

*Langanesbyggð, 20. desember 2010.*

**Gunnólfur Lárusson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2011